

Fundargerð 25. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar 12. júní 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður

1. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Kaupsamningur við Keili.
Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru á fjármálamörkuðum hefur Keilir óskað eftir breytingum hvað varðar greiðslutilhögun skv. kauptilboði í fasteignir 774 og 910. Breytingin felst í því að í endanlegum kaupsamningi verði greiðslum hliðrað til þannig að þær séu samkvæmt eftirfarandi:
Við undirskrift kaupsamnings kr. 30.000.000
Þann 15. janúar 2009 kr. 70.000.000
Þann 15 mars 2009 kr. 100.000.000
Þann 1. janúar 2010 kr. 120.389.211

Stjórn félagsins samþykkti beiðnina samhljóða.

Að öllu öðru leyti byggir kaupsamningur á fyrra kauptilboði.

3. Samningur um grasslátt 2008
ÞK og Háskólavellir sameinuðust um verðkönnun á garðslætti fyrir sumarið 2008. Leitað var til eftirtalinnna fyrirtækja um verð:
Suðurnesjasláttur, Nesprýði, Garðlist, Slægingarþjónusta Suðurnesja, Draumagarðar.
Samkvæmt niðurstöðu verðkönnunarinnar þá samþykkir stjórn ÞK að samið verði við Suðurnesjaslátt um garðslátt á svæðinu á þeim hluta sem enn er í umsýslu ÞK.
4. Framkvæmdir í byggingu 506
Í tengslum við útleigu á byggingu 506 til Eldeyjar, frumkvöðlaseturs þá samþykkir stjórn ÞK heimild til framkvæmda vegna rafmagnsbreytinga og breytinga sem lúta að öryggiskröfum byggingareftirlits. ÍAV þjónusta mun sjá um framkvæmd verkefnisins í samræmi við verksamning.
5. Útleiga húsnæðis undir grunnskóla.
Stjórn ÞK samþykkir að bygging 624 verði leigð til Reykjanesbæjar undir grunn- og leiksskóla sem þjóni svæðinu. Leigusamningur verður gerður til 5 ára með endurskoðunarákvæði að þremur árum liðnum.
Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá samningi. Húsnæðið krefst nokkurra endurbóta til að aðlaga það að íslenskum venjum þ.m.t.

rafmagnsendurbóta. ÍAV þjónusta mun sjá um framkvæmd verkefnisins í samræmi við verksamning við félagið.

6. Framtíð fjarskiptakerfis
Stjórn ÞK samþykkti að hefja könnun á því, með hvaða hætti einkavæðing fjarskiptakerfis á svæðinu verði best fyrir komið. Skal þá einnig horft til þess með hliðsjón af grein 7.3 í þjónustusamningi ÞK við fjármálaráðuneytið. Framkvæmdastjóra var falið að setja þá vinnu í gang.
7. Erindi Kapitalvæðingar
Tekið var fyrir erindi Kapitalvæðingar ehf. um kaup á sjónvarpsdreifikerfi svæðisins. Stjórn ÞK samþykkti erindi og fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningum með vísan til greinar 7.3 í þjónustusamningi ÞK við fjármálaráðuneytið.
8. Erindi frá Sveitarfélaginu Garði
Tekið var fyrir erindi frá Sveitarfélaginu Garði um nýtingar- og umráðarétt á landsvæði ofan Helguvíkur. Stjórn ÞK telur mikilvægt að gætt sé jafnræðis í þessum málum á milli sveitarfélaga. Þá telur stjórn einnig að ekki sé tímabært að úthluta landi á þennan hátt sérstaklega í ljósi þess að vinna sé í gangi um samvinnu sveitarfélaga og ríkis í gegnum ÞK um þróun og uppbyggingu á svæðinu.
9. Önnur mál.
Tekið var fyrir óformlegt tilboð frá Hjálpræðishernum um kaup á byggingu 730. Stjórn ÞK fól framkvæmdastjóra að ræða við Hjálpræðisherinn og gera gagntilboð.

Fleira var ekki gert og fundi slitið

Þáú Sigurjónsda.

set. Þáú Spurr.

*set.
Sveindís Valdimarsd.*